# Nauðasamningur

Samningur um greiðslu skulda eða eftirgjöf þeirra, sem kemst á milli skuldarans og nauðsynlegs meirihluta lánardrottna hans og hlýtur síðan staðfestingu fyrir dómi

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/2588
komudagur 20.5. 2010

# Nokkrar spurningar / þörf breytinga

Krafa um einföldun reglna við nauðasamningsumleitanir og um fljótvirkara kerfi nauðasamninga

- stærri félög með flóknari rekstur
- oft rekstur hér á landi og erlendis
- flóknari samningar
- flókin eignatengsl, gagnkvæmar ábyrgðir oft milli móður- og dótturfélaga
- aukin krafa um þátttöku veðkröfuhafa; skýrari mörk samningskafna og veðkrafna
- skuldarar í einföldum rekstri, skjótari reglur

# Nauðasamningsumleitanir – yfirlit núgildandi reglna

**Skuldari útbýr frumvarp** að nauðasamningi, 36. gr.

**Tiltekið hlutfall** samningskröfuhafa (25%) samþykkir **frumvarp** áður en leitað er til héraðsdóms, 35. gr.

- Samþykki 25% kröfuhafa, talið bæði eftir kröfufjárhæð og eftir höfðatölu.

**Héraðsdómur** kannar hvort skilyrði eru til staðar. Skipar umsjónarmann, 39. gr.

Umsjónarmaður **kallar eftir kröfum** í Lögbirtingablaði. Fjögurra vikna frestur til að lýsa kröfum, 44. gr.

Umsjónarmaður gerir **skrá** um samningskröfur, 46. gr.

- **Samningskröfur**, neikvæð skilgreining í 28. gr.
- **Atkvæðismenn**, skilgreining í 33. gr.

## Nauðasamningsumleitanir - yfirlit núgildandi reglna

**Fundur** með kröfuhöfum til atkvæðagreiðslu innan tveggja vikna frá því að kröfulýsingafresti lauk, 48. gr.

**Atkvæðagreiðsla** á fundi og e.t.v. á framhaldsfundi.

**Frumvarp samþykkt** ef því er greitt sama hlutfall atkvæða og eftirgjöf af samningskröfum á að nema, bæði eftir samningsfjárhæð og höfðatölu, þó að lágmarki 60%, 49. gr.

**Héraðsdómur** kannar hvort skilyrði eru til staðfestingar, auglýsir þinghald í Lögbirtingablaði, 55. gr.

Ef nauðasamningur er staðfestur, **auglýsir umsjónarmaður niðurstöðu** hans í Lögbirtingablaði, 59. gr.

## Nauðasamningsumleitanir – fyrirhugaðar breytingar

1. **Fallið frá** skilyrði um að **25%** samningskröfuhafa **eftir höfðatölu** samþykki frumvarp að nauðasamningi, 35. gr.
   - af hverju ekki fallið frá þessu skilyrði að öllu leyti?

2. **Ný heimild** fyrir samningskröfuhafa að **greiða atkvæði** um nauðasamning **í kröfulýsingu** sinni, 45. gr.

3. **Atkvæði** gildir **þótt breyting** hafi verið gerð á frumvarpi, ef breytingin er samningskröfuhafa í hag, 50. gr.

## Nauðasamningsumleitanir – fyrirhugaðar breytingar

4. Auknar kröfur gerðar til **veðkröfuhafa**, 28. gr.
   - Lánardrottinn getur afsalað sér veðrétti fyrir kröfu sinni með sérstakri yfirlýsingu
   - Ekki verður gengið að skuldara til greiðslu eftirstöðva veðkrafna, 4. mgr. 60. gr.
   - Skýring á samspili þessara reglna

5. **Umsjónarmaður** gerir **skrár** fyrir samningskröfur og veðkröfur, 46. gr.

6. **Atkvæðisréttur veðkröfuhafa** fyrir þeim hluta sem hann hefur afsalað sér tryggingarétti, 33. gr.

7. **Fundur** til atkvæðagreiðslu innan fjögurra vikna, 48. gr.

## Nauðasamningsumleitanir– fyrirhugaðar breytingar

8. **Skuldari getur breytt frumvarpi sínu** á meðan nauðasamningsumleitunum stendur, þarf ekki lengur að leita samþykkis 25% samningskröfuhafa, 47. gr.

9. **Breyttar** reglur um **samþykki nauðasamninga**
   - Alltaf áskilið sama hlutfall og sem nemur eftirgjöf eftir fjárhæðum
   - Einungis áskilið samþykki 60% kröfuhafa eftir höfðatölu
   - Af hverju ekki gengið lengra?

10. **Auknar kröfur til skuldara**, um að hann sýni fram á getu til að standa við nauðasamninginn, þegar hann óskar eftir staðfestingu hans, 54. gr.